

Fundargerð stjórnar TSÍ 4, júní 2024 kl. 12 - Fundarherbergi B hjá ÍSÍ

Fundinn sátu: Magnús formaður, Gunnar meðstjórnandi, Soumia ritari, Raj aðalmaður og Kristín Dana gjaldkeri

Dagskrá

1. Samþykkt fundargerða - Mía klárar fundargerð aprílfundar og júní

2. Fjárhagsstaða - Kristín fór yfir stöðuna fyrir okkur og staðan er neikvæð eða um kr. - 500 000. Kristín talar við Steinun hjá ÍSÍ og biður um aðstoð eða flýta fyrir útbreiðslustyrk eða fá fyrirfram greiðslur þangað til að við fáum greiðslur frá ÍTF

3. Staða verkefna framundan (DC, BJK ofl)

Jón Axel pantar annað hótél en ITF mælir með; ódýrari kostur

Luxemburgsferð: Raj er að velja í hópinn, 4 keppendur sem fara í þessa ferð; 2 stelpur og 2 strákar. Á eftir að skipuleggja forkeppni til að velja þá sem fara

Magnús ætlar að kanna við Stöð 2 varðandi birtingu Íslandsmóts utanhús. Um að ræða birtingu á úrslítakeppni þann 29. eða 30. júní

4. Úrvinnsla fundar með formönnum

Ágætismæting á fundinn. Magnús mun skirfa frétt á vefinn af helstu niðurstöðum.

Farið var yfir strategju TSÍ, Magnús ætlar að fá einhvern til að prófarkalesa, senda á okkur til samþykktar og svo birta á vef

Mikið rætt um að taka padel og/eða pickleball inn í TSÍ en ákveðið var að leggja þær hugmyndir á hilluna þar sem hvorug íþróttin er viðurkennd innan ÍSÍ.

Ákveðið að reyna að gera átak í að koma öllum útivöllum í stand. Magnús mun útbúa kort af höfuðborgarsvæðinu Íslandi með öllum tennisvöllum- það gefur okkur yfirsýn yfir tennis á Íslandi og hvernig við gætum ýtt á viðeigandi yfirvöld og félög til að til koma völlum í lag.

5. Íþróttavika Evrópu í haust - á TSÍ að taka þátt?

TSÍ sækir um styrk – Magnús sendir beiðni til ÍSÍ til að taka þátt og um leið fá góða kynningu á Tennis: Raj með hugmynd um að kynna mini tennis niðri í bæ eða í Kringlunni osvfrv.

6. Sponsorship mál

Ekki einfald að fá sponsóra þar sem við höfum ekki mikið um að bjóða upp á eins og staðan er. Magnús reynir áfram.

7. Social Media spurningin sem við frestuðum frá síðasta fundi

Stjórnin ákveður að sleppa starfsmanninum þar sem fjárhagsstaða sambandsins ekki góð.

8. Önnur mál

Bæði Rafn Kumar og Daniel Wong eru meiddir og geta ekki tekið þátt í DC – Einungis tveir leikhæfir leikmenn að fara í DavisCup þetta ár sem er ekki ásættanleg staða hjá TFI. Tveir leikmenn drógu sig úr keppni án tilefnis og með litlum fyrirva. Sambandið ætti að lita á þetta mál með alvarlegum augum.

Fundi slitið kl. 12:30